 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p><b>Veiting námsleyfa til framhaldsnáms</b></p> <p><b>Verklagsreglur byggðar á kjarasamningum.</b></p>	<p>Dags. 20.05.2005 Bls. 1 af 2 Höf. GJG/SV Ábm. GJG Samþ. í háskólaráði 12.05.2005</p>
--	--	---

## 1. Tilgangur og gildissvið

Verklag þetta er mótað til að stuðla að samræmdri framkvæmd þegar afstaða er tekin til beiðna um leyfi frá störfum til þess að geta stundað nám á launum.

Verklagsreglurnar byggja á eftirtöldum ákvæðum kjarasamninga viðkomandi kjarafélaga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs:

- gr. 10.1.2 í kjarasamningi Félags háskólakennara
- gr. 10.1.1 í kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga
- gr. 10.1.2 í kjarasamningi Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga
- gr. 10.1.2 í kjarasamningi Meinatæknafélags Íslands

Verklagið gildir um námsleyfi starfsfólks Háskóla Íslands. Það tekur ekki til þeirra sem geta sótt um heimild til rannsóknarmisseris.

## 2. Heimild til leyfis

Umsókn um leyfi frá störfum til að stunda framhaldsnám skal skilað til yfirmanns viðkomandi stjórnunareiningar eða formanns stjórnar stofnunar eftir því sem við á. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember fyrir leyfi sem áætlað er á næsta almanaksári. Er þá miðað við að hægt verði að taka tillit til leyfisins við fjárhagsáætlun komandi árs. Í umsókn þarf m.a. að koma fram hvaða framhaldsnám umsækjandi hyggst stunda, hvar það verður stundað og hvernig það tengist starfi hans.


Teljast námið ekki til framhaldsnáms, þarf sérstakur rökstuðningur yfirmanns að fylgja umsókninni.

Eftir að yfirmaður / formaður stjórnar hefur samþykkt leyfi fyrir sitt leyti, er umsóknin send starfsmannasviði, þar sem afstaða er tekin til beiðnar um námsleyfi miðað við fyrirliggjandi gögn og áunninn rétt.

Við veitingu leyfis er fyrst og fremst tekið mið af því hvernig það nýtist starfsmanninum í því starfi sem hann gegnir. Viðmiðunartími við útreikning á námsleyfi er s.l. 10 ár í starfi við Háskóla Íslands. Veikindi og barnsburðarleyfi hafa ekki áhrif á veitingu námsleyfis.

Starfsfólk í hlutastörfum eða það starfsfólk sem hefur verið í hlutastörfum á rétt á námsleyfum jafn títt og starfsfólk í fullu starfi. Mánaðarlaun þeirra í leyfinu miðast við meðaltals starfshlutfall síðustu fjögur ár í starfi.

Kostnaður vegna launa greiðist af viðkomandi rekstrareiningu.

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p><b>Veiting námsleyfa til framhaldsnáms</b></p> <p><b>Verklagsreglur byggðar á kjarasamningum.</b></p>	<p>Dags. 20.05.2005          Bls. 2 af 2          Höf. GJG/SV          Ábm. GJG          Samþ. í háskólaráði          12.05.2005</p>
--	--	--

### 3. Dagpeningar, fargjöld og tryggingar

Starfsfólk sem fer utan í námsleyfi og hefur hlotið samþykkt yfirmanns til þess, á rétt á dagpeningum og fargjöldum. Um greiðslu þjálfunardagpeninga fer samkvæmt úrskurði ferðakostnaðarnefndar um þjálfunardagpeninga í rannsóknarmissemur háskólakennara og reglum Háskóla Íslands þar um.

Ef um viðurkennt framhaldsnám er að ræða getur viðkomandi rekstrareining fengið styrk vegna dagpeninga og fargjalda. Beiðni um styrk skilist með námsleyfisumsókn til stafsmanasviðs.

Starfsfólk sem dvelur erlendis í námsleyfi, þarf að huga sérstaklega að tryggingamálum, þar sem tryggingar í námsleyfum eru á ábyrgð þess sem nýtur leyfis.

Um sjúkrakostnað vegna skyndilegra veikinda eða slysa gilda sérstakar reglur, annars vegar innan EES-svæðisins og hins vegar utan þess.

### 4. Að leyfi loknu

Að leyfi loknu skilar starfsmaður skýrslu til yfirmanns, þar sem greint er frá framvindu náms. Æskilegt er að eftirfarandi atriði komi þar fram:

- Hvernig leyfið var nýtt.
  - Hvernig líklegt er að námið í leyfinu skili sér í starfi viðkomandi.
  - Hvort framhald sé fyrirhugað á námi eða störfum sem tengdust framhaldsnáminu.
- Ef verkefnið tengist vinnustað (t.d. úttektir) er því til skilað yfirmanns. Mælst er til þess að starfsmaður haldi kynningu fyrir samstarfsfólk um námið eða lokaverkefni sem því tengist.

Réttur til leyfis byrjar aftur að reiknast þegar komið er til baka frá leyfi. Launalaus leyfi reiknast ekki með.

### 5. Gildistaka

Verklagi samkvæmt þessum reglum verður fylgt frá og með 1. janúar 2005.

#### Tilvísanir

- gr. 10.1.2 í kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 30. apríl 2001
- gr. 10.1.1 í kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 26 júlí 2001
- gr. 10.1.2 í kjarasamningi Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 31. maí 2001
- gr. 10.1.2 í kjarasamningi Meinatæknafélags Íslands frá 31. maí 2001
- Vinnureglur um rannsóknamisseri kennara við Háskóla Íslands, samþykktar í háskólaráði 24. ágúst 1995